



Surtsey

Verndar- og stjórnunaráætlun

Nóvember 2014



UMHVERFISSTOFNUN

Efnisyfirlit

SAMANTEKT	1–3
ADGERÐARÁÆTLUN	1–4
1. GERÐ VERNDAR OG STJÓRNSÝSLUÁÆTLUNAR	1–7
2. LÝSING SVÆÐIS	2–8
2.1. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	2–8
2.1.1. Alþjóðleg ábyrgð	2–8
2.2. Lýsing á svæðinu	2–8
2.2.1. Mörk friðlandsins	2–8
2.2.2. Eignarhald og umsjón.....	2–8
2.2.3. Náttúrufar	2–9
2.2.4. Mannvirki	2–9
3. VERNDARGILDI OG VERNDAR-FLOKKUR	3–10
3.1. Verndargildi	3–10
3.2. IUCN verndarflokkur	3–10
4. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR	4–11
4.1. Náttúruminjar	4–11
4.1.1. Jarðminjar og landmótun	4–11
4.1.2. Verndun plantna og dýra	4–11
4.2. Innviðir og mannvirki	4–12
4.2.1. Mannvirki og aðstaða.....	4–12
4.2.2. Mengunarvarnir	4–12
4.3. Landnotkun.....	4–12
4.3.1. Aðgengi að niðurstöðum rannsókna.....	4–12
4.4. Innri starfsemi.....	4–13
4.4.1. Leyfisveitingar	4–13
4.5. Öryggisáætlun	4–13
5. GILDISTÍMI VERNDARÁÆTLUNAR	5–14

Samantekt

Surtsey er syðsta eyjan í Vestmannaeyjaklasanum. Eyjan myndaðist í eldgosi á árunum 1963-1967. Surtsey var fyrst friðlýst árið 1965 meðan gosvirkni var enn í gangi og var friðlýsingin bundin við eldfjallið ofansjávar. Í tengslum við tilnefningu Surtseyjar á heimsmínjaskrá UNESCO var friðlandið stækkað verulega og nær í dag yfir alla eldstöðina, hafsvæðið og sjávarbotninn umhverfis hana. Verndargildi Surtseyjar felst fyrst og fremst í því að svæðið hefur hátt vísinda- og náttúruverndargildi á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða, en þar eru heildstæðar og óraskaðar náttúruáminjar sem endurspeglar náttúrulega þróunarferla og eru afar viðkvæmar fyrir röskun. Í júlí 2008 var Surtsey skráð á heimsmínjaskrá UNESCO.

Samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd er umsjón með gerð verndaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði eitt af hlutverkum Umhverfisstofnunar og lítur verndar- og stjórnunaráætlun Surtseyjar 2014-2024 nú dagsins ljós. Markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir Surtsey er að leggja fram stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda eigi verndargildi þess. Í því skyni eru tilgreindar þær aðgerðir sem ráðast skal í til að uppfylla markmið áætlunarinnar. Aðgerðirnar fela m.a. í sér að áfram verði takmarkanir á umferð manna til eyjarinnar, að komið verði í veg fyrir að lífverur berist til eyjarinnar af manna völdum, að fylgst verði með því hvort að ágengar framandi tegundir berist inn á svæðið og eftir hvaða leiðum, að rusl og annar úrgangur verði fjarlægður og að gerð verði áætlun vegna mengunarslysa og öryggis.

Þær aðgerðir sem gripið verður til í því skyni að tryggja verndargildi svæðisins eru teknar saman í sérstakri aðgerðaáætlun sem gildir fyrir árin 2014-2019.

Frekari upplýsingar um Surtsey er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is>.

Aðgerðaráætlun

Leiðir til að ná fram markmiðum verndaráætlunar friðlandsins Surtseyjar

Aðgerðaáætlun 2014-2019 er samantekt á þeim aðgerðum sem fjallað er um í kafla 5 um markmið, stefnu og leiðir. Í áætluninni fyrir friðlandið Surtsey eru útlistaðar þær aðgerðir sem farið verður í á árunum 2014-2019 til að ná fram markmiðum verndar- og stjórnunaráætlunarinnar. Allar framkvæmdir innan friðlandsins eru háðar samþykki Umhverfisstofnunar og Vestmannaeyjabæjar. Í aðgerðaáætluninni er ekki fjallað um rannsóknaverkefni sem eru skipulögð af Surtseyjarfélaginu og rannsóknarstofnunum.

Náttúruminjar

Verndun jarðminja

- Umhverfisstofnun mun í samstarfi við ráðgjafanefnd friðlandsins meta hvort þörf er á að gera úttekt á ástandi jarðminja fyrir árið 2018.

Innflutningur plantna og dýra/ágengar tegundir

- Óska skal eftir því við vöktunaraðila að tilkynnt verði til Umhverfisstofnunar ef framandi ágengar tegundir finnast í Surtsey.
- Berist framandi ágeng lífvera til Surtseyjar mun ráðgjafanefndin meta hvort og til hvaða ráðstafana verði gripið til að sporna við útbreiðslu þeirrar tegundar ef sýnt verður fram á að hún hafi borist til eyjarinnar af mannavöldum.
- Umhverfisstofnun mun kynna leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar árið 2014.

Verndun dýralífs

- Stefnit verði að endurskoðun friðlýsingar Surtseyjar fyrir árið 2018. Bætt verði við ákvæði er varðar lágmarksflughæð yfir Surtsey á varptíma og á meðan selur er í látri. Jafnframt verði afmarkað svæði í kringum eyjuna sem takmarkar fjarlægð báta á sama tímabili.

Mannvirki

Mannvirki og aðstaða

- Óskað verði eftir því við Vegagerðina að aflagða vitahúsið á Austurbunka verði fjarlæggt og kannað hvort hægt sé að nýta vegg og grunn þess til að stækka þyrlupall við Pálsbæ.



- Óskað verði eftir því við Surtseyjarfélagið að ónýtt byggingarefni vegna byggingar og viðhalds Pálsbæjar II og gamlar rannsóknastikur verði fjarlæggt úr eyjunni fyrir árið 2018.
- Úrgangur vegna annarra framkvæmda í Surtsey skal einnig fjarlægður fyrir árið 2018.

Mengunarvarnir

- Stefnt skal að því að viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa á landi og á sjó, verði tilbúin vorið 2016.
- Stefnt skal að því að vakta magn þess rusl (plastlát, netabelgir, tóg o.fl.) sem borist hefur á land í Surtsey með sjó og vindum og ef ástæða þykir til að fjarlægja það eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Landnotkun

Rannsóknir innan friðlandsins

- Umhverfisstofnun gefur út reglur um umgengni og sýnatökur innan friðlandsins í samvinnu við ráðgjafanefnd friðlandsins vorið 2015.

Aðgengi að niðurstöðum rannsókna

- Umhverfisstofnun fer fram á að þeir vísindamenn og fjölmiðlamenn sem fá leyfi til að heimsækja Surtsey skili niðurstöðum sínum/lokaafurð (skýrslum, greinum og myndefni) án endurgjalds til Umhverfisstofnunar þar sem þær kunna að nýtast til fræðslu og kynningar á friðlandinu. Miða skal við að afhending niðurstaða/lokaafurðar eigi sér stað eigi síðar en ári eftir að ferð er farin. Ef um er að ræða árleg vöktunarverkefni eða rannsóknarverkefni sem stendur yfir í meira en eitt ár skal skila inn framvinduskýrslu árlega.
- Umhverfisstofnun útbúi heimildaskrá yfir allt birt efni um friðlandið sem verði tilbúin 2018. Leiðbeiningar um afhendingu ljósmynda, myndbanda, skýrslna, greina, o.s.frv. frá þeim fjölmiðlamönnum og vísindamönnum sem fá leyfi til að heimsækja friðlandið verða útbúnar af Umhverfisstofnun árið 2015.

Innri starfsemi

Ráðgjafanefnd friðlandsins

- Ráðgjafanefnd friðlandsins fundi að lágmarki tvisvar á ári um málefni friðlandsins.

Leyfisveitingar

- Gerðar verði leiðbeiningar um gerð og skil umsókna um fararleyfi til Surtseyjar sem verði tilbúnar árið 2015.

Fræðslu og upplýsingaefni

- Unnin verði upplýsinga- og fræðsluáætlun til 5 ára sem tilbúin verður árið 2016.
- Stuðlað verður að tengslum við Surtseyjarfélagið, rannsóknastofnanir sem stunda rannsóknir innan friðlandsins og rannsóknarstofnanir í Vestmannaeyjum sem hafa tengingu við Surtsey.
- Ritaðar verði greinar um friðlandið í fjölmiðla til að kynna Surtsey fyrir almenningi.
- Upplýsingar um Surtsey á heimasíðu friðlandsins hjá Umhverfisstofnun verða uppfærðar að lágmarki árlega með tilliti til niðurstaðna rannsókna sem þar fara fram.
- Upplýsingar á heimasíðu friðlandsins verði þýddar yfir á ensku árið 2015.
- Stefnt verði að því að útbúin verði verkefni og fræðsluefni fyrir skólahópa á ýmsum aldri sem nýtist í kennslu og skólaheimsóknum í Surtseyjarstofu fyrir árið 2017.

Öryggisáætlun

- Umhverfisstofnun geri öryggisáætlun fyrir svæðið sem felur í sér forvarna-, fræðslu- og viðbragsáætlun árið 2014.

Gildistími aðgerðaáætlunar

Aðgerðaáætlun þessi er endurskoðuð samhliða verndar- og stjórnunaráætlun friðlandsins en þó eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

1. Gerð verndar og stjórnarsýsluáætlunar

Verndar- og stjórnunaráætlun fyrir friðlandið Surtsey lítur nú dagsins ljós í fyrsta sinn. Drög að verndaráætlun voru fyrst gerð samhliða tilnefningu Surtseyjar á heimsminjaskrá UNESCO árið 2007, en sú áætlun var ekki gefin út. Frá þeim tíma hafa efnistöð og áherslur við gerð verndar- og stjórnunaráætlana fyrir svæði í umsjón Umhverfisstofnunar tekið nokkrum breytingum og kallaði það á breytta áætlun.

Megin markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar er að leggja fram stefnu um verndun friðlandsins, hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins og sjá til þess að friðun Surtseyjar verði tryggð um ókomna framtíð. Þá er það jafnframt tilgangur verndar- og stjórnunaráætlunarinnar að styðja við þær rannsóknir sem fram fara í eyjunni og nágrenni hennar.

Verndar- og stjórnunaráætlunin var unnin af starfsfólki Umhverfisstofnunar og er sett í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Nánari lýsingu og fróðleik um Surtsey er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is> og <http://www.surtseyjarstofa.is>



2. Lýsing svæðis

2.1. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Surtsey var friðlýst sem friðland árið 1965. Árið 2006 hið friðlýsta svæði stækkað verulega og nær nú friðlandið yfir alla eldstöðina Surtsey, ásamt hafsvæðinu umhverfis, samtals 65 km² sbr. 1. tl. 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, með auglýsingu í Stjórnartíðindum B. nr. 50/2006. Friðlýsingunni var síðar breytt með auglýsingu nr. 468/2011. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar sjálfrar sbr. 1. gr. laga um náttúruvernd. Tilgangur friðunarinnar er að tryggja verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti og truflun af völdum manna sem minnst. Samhliða friðlýsingunni var umferð manna til eyjarinnar takmörkuð til að vernda viðkvæmt lífríki hennar og jarðminjar.

2.1.1. Alþjóðleg ábyrgð

Surtsey var skráð á heimsminjaskrá UNESCO í júlí 2008 sem einstakur staður náttúruminja. Skráningin var á grundvelli mikilvægis rannsókna og vöktunar á landnámi dýra og plantna, þróunar eyjarinnar og framvindu lífríkis Surtseyjar. Í tilefni þess að Surtsey hefur verið sett á heimsminjaskrá UNESCO voru sett upp skjöldur og upplýsingaskilti á Heimaey vorið 2013. Skuldbindingar Íslands vegna skráningar Surtseyjar á skrána voru hafðar til hliðsjónar við gerð verndar- og stjórnunaráætlunarinnar.

2.2. Lýsing á svæðinu


2.2.1. Mörk friðlandsins

Friðlandið Surtsey nær til Surtseyjar ofan sjávarmáls og niður á hafsbotn ásamt hafsvæði umhverfis eyna sem markast af línu sem dregin er á milli fjögurra punkta (mynd 1). Stærð hins friðlýsta svæðis eru 65 km². Á mynd 1 má einnig sjá afmarkað svæðið sem skráð er á heimsminjaskrá UNESCO (rauð lína) og nýtur hámarksverndar. Hið friðlýsta svæði sem er utan þess svæðis sem skráð er á heimsminjaskrá er skilgreint sem jaðarsvæði heimsminjasvæðisins.

Mynd 1. Kort og þversnið af friðlandinu Surtsey. Svartar línur afmarka friðlandið en rauðar heimsminjasvæðið (Mynd: Náttúrufræðistofnun Íslands)

2.2.2. Eignarhald og umsjón

Friðlandið í Surtsey er í eigu íslenska ríkisins. Umhverfisstofnun fer með umsjón svæðisins fyrir hönd ríkisins en sveitarfélagið Vestmannaeyjabær fer með skipulagsmál í friðlandinu. Ráðgjafanefnd Surtseyjar er Umhverfisstofnun til ráðgjafar um málefni friðlandsins.



2.2.3. Náttúrufar

Surtsey myndaðist við eldgosahrinu á árunum 1963 -1967. Í sömu hrinu mynduðust tvær aðrar eyjar, Jólnir og Syrtlingur, og neðansjárhyggur, Surtla, sem hurfu fljótt aftur í sjó. Miklar breytingar hafa orðið á eyjunni síðan eldsumbrotum lauk og eru útlínur eyjarinnar í stöðugri mótun vegna sjávarrofs og veðrunar af völdum vinds og vatns. Frá goslokum hefur flatarmál eyjunnar minnkað um helming vegna sjávarrofs. Í gosinu hlóðust upp tveir hálfmáanalaga gígveggir úr gjósku sem hafa nú ummyndast í móberg og eru í daglegu tali kallaðir bunkar. Undir móbergsbunkunum eru hraungígar og frá þeim liggja hraunflákar sem þekja syðri hluta eyjunnar.

Fyrstu lífverurnar sem námu land í Surtsey voru örverur, bakteríur og sveppir, en síðar komu plöntur og dýr. Plönturnar hafa nú dreift sér og finnast nánast um alla eyjuna, nema í bröttum móbergsbunkunum um miðbik eyjunnar. Gróðurþekja svæðisins er ennþá tiltölulega gisin, nema þar sem máfavarp hefur myndað næringarríkan jarðveg. Fyrstu 30 árin verptu aðeins sjófuglar í Surtsey, en eftir að gróður varð meiri hafa nokkrar tegundir landfugla verpt í eyjunni. Fjöldi hryggleysingja hefur fundist í Surtsey og hafa margar tegundir þeirra numið land til framtíðar. Á grunnsævi í kringum Surtsey hefur fundist fjöldi stórpörunga og botndýra. Útselir hafa kæpt reglulega í eyinni frá 1983.

2.2.4. Mannvirki

Í Surtsey eru fjögur mannvirki: Skáli (Pálsbær II) og þyrlupallur sem eru í eigu Surtseyjarfélagsins, veðurathugunarstöð í eigu Náttúrufræðistofnunar Íslands og aflagt vitahús á Austurbunka í eigu Vegagerðarinnar. Vitinn var byggður árið 1973 en ljósahúsið skemmdist tvívegis í gassprengingum fyrsta árið eftir að hann var tekinn í notkun. Vitinn var ekki lagfærður og hefur staðið til að fjarlægja steiptan grunn hans. Lagður var sæstrengur, FARICE, um suðvesturhorn friðlandsins árið 2008.



3. Verndargildi og verndar- flokkur

3.1. Verndargildi

Verndargildi Surtseyjar felst í því að svæðið hefur hátt vísinda- og náttúruverndargildi á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða, en þar eru heildstæðar og óraskaðar náttúruminjar sem endurspeglá náttúrulega þróunarferla og eru afar viðkvæmar fyrir röskun.

3.2. IUCN verndarflokkur

Svæðið er friðland og fellur í verndarflokk Ia samkvæmt friðlýsingarflokkun IUCN (Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna). Í þann flokk falla náttúruverndarsvæði sem eru friðlýst í vísindalegum tilgangi. Þessi flokkur hefur það meginmarkmið „Að vernda vistkerfi, tegundir (samansafnaðar eða einstakar) og fjölbreytileika jarðmyndana sem hafa sérstöðu á svæðis-, lands- eða heimsvísu: Um er að ræða ferla sem hafa að mestu eða öllu leyti mótast á náttúrléggan hátt og munu raskast eða eyðileggjast ef áhrifa mannfólks gætir.“ Undirmerkið svæða í þessum verndarflokki, sem eiga við Surtsey, eru:

- Að vernda vistkerfi, tegundir og jarðmyndanir eins og hægt er fyrir raski af mannavöldum.
- Að tryggja að til séu svæði sem búi yfir óspilltri náttúru sem hægt er að nýta til vísindarannsóknna, umhverfissvöktunar og fræðslu, þ.e. viðmiðunarsvæði þar sem almennur aðgangur er háður takmörkunum.

Að raski sé haldið í lágmarki með vel útfærðu og skipulögðu rannsóknastarfi ásamt þeirri starfsemi sem heimil er á svæðinu.

4. Markmið, stefna og leiðir

4.1. Náttúruminjar

4.1.1. Jarðminjar og landmótun

Markmiðið með friðlýsingu svæðisins er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar, bæði á landi og í sjó. Meta þarf hvort þörf er á að gera úttekt á ástandi jarðminja í friðlandinu.

Aðgerðir: Metið verður í samstarfi við ráðgjafanefnd friðlandsins hvort þörf er á að gera úttekt á ástandi jarðminja í friðlandsins. Til að koma í veg fyrir skemmdir af manna völdum verða athafnir og framkvæmdir innan friðlandsins sem gætu haft neikvæð áhrif áhrif á jarðmyndunar- eða landmótunarferla eða jarðminjar ofan eða neðan sjávar ekki heimilaðar.

4.1.2. Verndun plantna og dýra

4.1.2.1. Innflutningur plantna og dýra

Markmiðið með friðlýsingu svæðisins er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar. Óheimilt er að flytja til Surtseyjar lifandi dýr, plöntur, fræ eða plöntuhluta, eða aðrar lífverur. Ef ný framandi plöntu- eða dýrategund sem talin er vera ágeng á Íslandi finnst í Surtsey og talin er hafa borist þangað af mannavöldum verður hún fjarlægð úr eyjunni að höfðu samráði við ráðgjafanefnd Surtseyjar.

Aðgerðir: Þeir sem fá leyfi til landgöngu frá Umhverfisstofnun skulu gæta þess að hreinsa vandlega allan fatnað, skóbúnað og farangur til að koma í veg fyrir að jarðvegur, fræ og plöntuleifar berist með viðkomandi til eyjarinnar. Lífverum sem sýnt er fram á að hafi verið fluttar til Surtseyjar af mannavöldum verður eytt. Aðferðir sem beitt verður við eyðingu lífvera sem taldar eru ágengar mega þó ekki brjóta í bága við friðlýsingarákvæði Surtseyjar og valda skaða í vistkerfum hennar.

4.1.2.2. Verndun dýralífs

Fuglalíf eyjarinnar er sérstaklega viðkvæmt fyrir truflunum yfir varptímann og skal takmarka truflun eins og kostur er. Sama á við um seli í látrum. Rannsóknir sem taldar eru geta valdið neikvæðum áhrifum á dýralíf verða ekki heimilaðar. Óheimilt er að fljúga sjónflug lægra en í 500 feta hæð yfir dreifbýli á Íslandi. Sú fjarlægð er þó ekki talin næganleg til að koma í veg fyrir truflun dýralífs í Surtsey.

Aðgerðir: Ekki skal heimila ferðir til Surtseyjar yfir varptíma fugla og meðan selir eru í látrum nema vegna rannsókna sem ekki er hægt að framkvæma á öðrum tímum ársins og í sérstökum undantekningartilfellum. Við endurskoðun á auglýsingu um friðlýsingu Surtseyjar verði stefnt að því að setja inn ákvæði um lágmarksflughæð yfir Surtsey á

varptíma fugla og á meðan selir eru í látrum. Jafnframt verði settar reglur er lúta að fjarlægð skipa frá eyjunni á sama tímabili.

4.2. Innviðir og mannvirki

4.2.1. Mannvirki og aðstaða

Eigendur og forráðamenn mannvirkja í eyjunni tryggi viðhald þeirra eða fjarlægji þau að öðrum kosti.

Aðgerðir: Leyfi til framkvæmda verður ekki veitt ef fyrirhugaðar framkvæmdir eru taldar hafa neikvæð áhrif á náttúrufer og verndargildi friðlandsins. Allt aðflutt byggingarefni sem og annað efni til viðhalds og reksturs mannvirkja skal valið með það í huga að tryggt verði að efnið skaði ekki náttúru friðlandsins eða hafi áhrif á náttúrulega framvindu lífríkis Surtseyjar. Byggingarúrgangur skal fluttur frá eyjunni við lok framkvæmda og honum fargað á viðeigandi hátt utan friðlandsins.

4.2.2. Mengunarvarnir

Óheimilt er að spilla gróðri, dýralífi og öðrum náttúruminum í friðlandinu með notkun efna sem skaðað geta umhverfið. Flutningur mengandi efna til eyjarinnar og efna sem skaðað geta umhverfið er óheimill nema vegna rannsókna og verkefna tengdum þeim. Magn efna skal takmarkað við það magn sem þarf í viðkomandi verk.

Aðgerðir: Umhverfisstofnun skal tryggja að aðrar stofnanir sem koma að mengunarvörnum og bráðamengun í hafi séu meðvitaðar um nauðsyn á sérstakri verndun hafsvæðisins í kringum Surtsey og hvaða nauðsynlegu aðgerða þurfi að grípa til ef óhöpp verða. Leita skal leiða, eftir því sem aðstæður leyfa, til að nota efni sem skaða ekki umhverfið. Stefnt er að gerð mengunarvarnaráætlunar fyrir friðlandið.

4.3. Landnotkun

Til að viðhalda verndargildi Surtseyjar er landnotkun þar bundin við vísindarannsóknir, náttúruvernd og fræðslu/miðlun um náttúrufer eyjarinnar.

4.3.1. Aðgengi að niðurstöðum rannsókna

Umhverfisstofnun skal tryggður aðgangur að niðurstöðum vísindarannsókna, sér í lagi þeim er geta leitt til þess að fyrirkomulag stjórnunar svæðisins breytist sem og í þeim tilgangi að uppfæra fræðsluefni um friðlandið.

Aðgerðir: Fararleyfi verði bundin þeim skilyrðum að vísindamenn skili niðurstöðum rannsókna sinna til Umhverfisstofnunar án endurgjalds. Ef um er að ræða árleg vöktunarverkefni eða rannsóknarverkefni sem stendur yfir í meira en eitt ár skal skila inn framvinduskýrslu árlega.



4.4. Innri starfsemi

4.4.1. Leyfisveitingar

Áfram verða takmarkanir á aðgengi fólks til Surtseyjar sbr. auglýsingu í stjórnartíðindum B. nr. 468/2011 um friðlýsingu Surtseyjar. Umhverfisstofnun kann að takmarka ferðir til Surtseyjar ef hættu er talin á að náttúruminjar eða verndargildi friðlandsins séu í hættu. Ef óvæntar aðstæður koma upp þar sem sinna þarf nauðsynlegu viðhaldi á mannvirkjum eða vegna framkvæmda sem ekki er hægt að sinna í öðrum ferðum er heimilt að leyfa slíkar ferðir til eyjarinnar. Öll sýnataka innan friðlandsins vegna vísindarannsókna er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar.

Aðgerðir: Að hámarki verða leyfðar 5 gistiferðir út í Surtsey frá byrjun júlí fram í byrjun september, þó með þeim fyrirvara að Surtseyjarfélagið heimili aðgang að gistingu í Pálsbæ. Lengd ferðar skal að jafnaði ekki fara yfir fjórar gistinætur. Heimilt er að tjalda tveimur hefðbundnum viðlegutjöldum í hrauntröð sunnan við Pálsbæ á vikri ef skálinn annar ekki gistiþörf. Dagsferðir verða að hámarki fjórar á sama tímabili. Fjöldi í hverja ferð er takmarkaður við þá sem nauðsynlega þurfa að fara í friðlandið vegna starfa sinna. Fjöldi skal þó ekki fara yfir 10 manns í hverri ferð.

4.5. Öryggisáætlun

Engar fastar samgöngur eru til Surtseyjar. Aðstæður í eyjunni geta einnig verið ótryggar vegna veðurs og sjólags.

Aðgerðir: Gerð verður öryggisáætlun fyrir friðlandið fyrir vorið 2015.



5. Gildistími verndaráætlunar

Verndaráætlun þessi verður endurskoðuð eftir þörfum.

Gildistími verndaráætlunar er tíu ár eða til loka árs 2023.

F.h. Umhverfisstofnunar, 14. nóvember 2014

Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri

Þórdís V. Bragadóttir, sérfræðingur